
FORTÍÐ OG FRAMTÍÐ

Langar þig ekki til að skyggnast inn í framtíðina, að ég tala nú ekki um fortíðina? Tek að mér slíkan lestur fyrir þig. Upplýsingar í síma 896-9689.

Erla

FÉLAGSFUNDIR 2014

Félagsfundir Lífssýnar verða haldnir í Bolholti 4, 4. hæð í sal Róсарinnar kl. 20:30. Eru þeir alltaf 1. þriðjudag í hverjum mánuði frá október fram í maí, að janúar undanskildum.

Jólafundur þriðjudaginn 2. desember 2014

Jólafundur Lífssýnar verður að venju með hefðbundnu sniði, helgileikur, jólas máhlaðborð og jólaleikir.

Vetrarsólstöður 21. desember

Hittumst að venju á Hamrinum í Hafnarfirði þann 21. desember n.k. kl. 12:00 og tökum á móti hækkandi sól á vetrarsólstöðum.

www.lifssyn.is

Minum á heimasíðuna okkar. Endilega skráið ykkur á gestalistann. Minnum einnig á facebook síðuna okkar.

HELSTU (T)ENGLAR LÍFSSÝNAR

Ari Magnússon 552-7977
Bergþóra Andrésdóttir 566-7051
Jón Hrafn Hlöðversson 551-8884
Jóhanna Viggósdóttir 552-4707
Kolbrún Guðjónsdóttir 566-6295
Þórunn Karlsdóttir 552-5907

Ámundi Sigurðsson 562-5324
Erla Stefánsdóttir 552-1189
Jóhanna Steingrimsdóttir 567-2623
Katrín Þorvaldsdóttir 551-2327
Kristín Gunnlaugsdóttir 552-7870
Þóra Björg Þórisdóttir 562-5324

Hugleiðing

Nú flýgur tíminn á móti okkur. Flestum finnst tíminn líða fram hjá að baki okkar. Alla vega er hann sem straumþung á er ber með sér alls konar atburði, kenndir söng og liti. Á móti okkur flýgur aðventan með sína fjóluliti, frið og gleði í hjörtum en svo eru aðrir sem finna þessa rauðu skörpu tóna, auðvitað er þar gleðin, en við verðum að passa okkur á stressinu því hvað er betra en að taka á móti aðventunni með heitu jólatei á góðri sessu með kertaljós og fagurri tónlist? Þá gæti hugsast að þið kæmuð auga á litla bústna jólaengla er flýgra allt um kring.

Kæru vinir, búið ykkur undir hátíðina sem í vændum er með brosi í augum og hjörtum. Hittumst 2/12 og 21/12 til að heilsa sólinni. Guð gefi ykkur gleðileg jól með hækkandi sól Bestu kveðjur, Erlan.

SMÁ PISTILL FRÁ VÍFILSSTÖÐUM

„Ég vildi óska að þið gætuð með mínum augum séð vininn minn er brosir við mér á hverjum degi hár og tignarlegur. Dimmgrænn með mörgum litlum bleikum og rauðgulum verum. Eldgamall og vís og fastur á sinni rót. Á kvöldin þegar farið er að dimma, glitra greinarnar eins og kveikt sé á mörgum jólaseríum. Þið verðið að koma í heimsókn til að kynnst honum. Erlan.

ORKUSTÖÐVAR ÍSLANDS

Jæja, nú er draumurinn minn runninn upp. Kortið af landinu kæra með orkustöðvunum er tilbúið. Óli Pétur, Ámundi og Kata á Akureyri hafa unnið að þessu. Blessi allir þessir fjallaguðir þau þrjú. Ef þið viljið nálgast kortið, fáði þið Lífssýnar félagar það á sér verði. Þið hafið samband við Katrínu Jónsdóttur í síma 895-7333 eða katjons@internet.is eða katjons@gmail.com.

Kortið er A3 að stærð með texta og mynd af hverri orkustöð á annari hlið ásamt kynningu á Erlu og landinu á hinni. Kortið er upplagt í jólagjafir.



FÉLAGSFUNDIR 2015

Félagsfundur þriðjudaginn 3. febrúar 2015

Á fyrsta félagsfundi nýja ársins ætlar Gylfi Kristinsson sálfræðingur að tala um meistara Yogananda.

Félagsfundur þriðjudaginn 3. mars 2015

Þá ætla þær Erla Stefánsdóttir og Jóhanna Steingrímsdóttir að tala um Jakobsveginn.

Félagsfundur þriðjudaginn 7. apríl 2015

Þá ætlar Elsa Dóróthea Gísladóttir að fræða okkur um listina að lifa á hráfæði.

Aðalfundur þriðjudaginn 5. maí 2015

Þá verður aðalfundur Lífssýnar haldinn þar sem kosið verður í stjórn og nefndir félagsins.

FASTAN 12. Apríl – 3. Maí 2015

Hin árlega fasta Lífssýnarfélaga verður í apríl n.k. Hefst hún nánar tiltekið fyrsta sunnudag eftir páska þann 12. apríl klukkan 17:30, í Bolholti 4 og ljúkum við henni þremur vikum síðar með fjallgöngu og vígslu sunnudaginn 3. maí.

Fastan er liður í hjálparstarfi Hvítbræðra- og systra og er gefin okkur fyrir milligöngu Erlu. Tilgangurinn með föstunni er ekki að leggja kvaðir á líkamann, enda er ekki um sveltí að ræða, heldur sá að hreinsa efnisbústaðinn og tengja saman alla þætti okkar með ákveðnu mataræði, hugleiðslum og æfingum.